

Mál nr. 191/2007
M og
Vátryggingafélagið h.f. v. A og B

Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Borgarholtsskóla í Kópavogi þ. 28.8..2007

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.10.2007.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 763/2007
3. Tjónaskýrsla dags. 28.8.2007. ásamt ljósmyndum og skýringum ökumanna.
4. Bréf V dags. 5.9. og 9.10.2007.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa verið að beygja til vinstri fyrir framan innganginn þegar B hafi ekið inn í vinstri hlið A. Ökumaður A segist ekki hafa verið á vitlausri akrein í umrætt sinn. Ökumaður B segir að A hafi komið á móti umferð og ætlað að beygja til vinstri og ekið í veg fyrir B. Ökumaður B segir að A hafi ekki haft leyfi til að aka á móti umferð með þeim hætti sem hann gerði í umrætt sinn.

Álit.

B bar að veita A forgang í umrætt sinn miðað við almennar umferðarreglur. Það gerði ökumaður B ekki og ber alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík 13.11. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.